

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
4. fundur 2019 (90. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 28.06.2019 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Jón B. Guðnason	Landhelgisgæslan
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Steinþór Einarsson og Guðlaugur H. Sigurjónsson boðuðu forföll.

1. Tillaga að deiliskipulagi öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar, B – svæðis

Með erindi, dags. 19.06.2019, sendi skipulagsfulltrúi öryggissvæða Keflavíkurflugvallar skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem hagsmunaaðila tillögu að deiliskipulagi öryggissvæðis til umsagnar. Athugasemdafrestur er til 20. ágúst 2019.

Skipulagsfulltrúi kynnti tillöguna fyrir skipulagsnefndinni. Helstu atriði tillögunnar eru eftirfarandi:

- Flughlað og svæði fyrir hættulegan farm
- Skammtíma gistaðstaða
- Fjarskiptasvæði
- Efnisvinnslusvæði
- Gistisvæði
- Birgðageymslusvæði
- Þyrlupallur
- Byggingarreitir
- Nýir vegir
- Girðingar
- Fráveita
- Umhverfisskýrsla

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

2. Skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar

Málið rætt, en engar nýjar upplýsingar liggja fyrir um stöðu þess.

Skipulagsfulltrúa var falið að kanna stöðu málsins í samgönguráðuneytinu.

3. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23. ágúst 2019 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx